



Borgarráð

Ráðhúsinu  
101 REYKJAVÍK

***Laugardalsvöllur - tilv. R15020197***

Á fundi borgarráðs 7. janúar 2021 var samþykkt að gengið yrði til samninga við KSÍ um Laugardalsvöll og að viðauki við gildandi samning skyldi lagður fyrir borgarráð. Hjálagt fylgja drög að viðaukasamningi milli Reykjavíkurborgar og KSÍ um rekstur Laugardalsvallar til ársins 2025.

  
Ómar Einarsson.

## VIÐAUKI

### við samning milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnusambands Íslands um rekstur Laugardalsvallar

1. Á grundvelli samþykktar borgarráðs frá [dags.] gera Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargötu 11, Reykjavík, og Knattspyrnusamband Íslands, kt. 700169-3679, Laugardalsvelli, 104 Reykjavík (hér eftir KSÍ), með sér svofelldan viðauka við samning milli Reykjavíkurborgar og KSÍ, dags. 13. ágúst 2014 (hér eftir samningurinn), um rekstur Laugardalsvallar.
2. Ákvæði 1. gr. samningsins (Laugardalsvöllur) verður svohljóðandi:

*Hinn 1. janúar 1997 tók KSÍ að sér allan rekstur Laugardalsvallar og þeirra mannvirkja sem velinum tengjast með sérstökum samningi, dags. 29. nóvember 1996 og síðari samningum, dags. 11. september 1997, 15. september 2005 og 16. desember 2008. Samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa mun svo verða áfram og er rekstur Laugardalsvallar alfarið á ábyrgð KSÍ. Til að hafa umsjón með rekstri Laugardalsvallar skal af hálfu KSÍ skipuð fimm manna vallarstjórn og fimm til vara. Til að fylgja eftir framgangi samningsins og þessa viðauka við hann skal KSÍ boða til og halda upplýsingafundi tvisvar á ári með fulltrúum Reykjavíkurborgar um rekstur Laugardalsvallar, æfingar og mót á vegum frjálsíþróttahreyfingarinnar og aðstöðu fyrir skýlmingar.*

*Varðandi niðurröðun æfinga og móta í frjálsum íþróttum þá er Íþróttabandalag Reykjavíkur (hér eftir ÍBR) tengiliður við KSÍ.*

*Tengiliður Reykjavíkurborgar við KSÍ vegna viðhalds og framkvæmda er skrifstofa framkvæmda og viðhalds hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.*

3. Ákvæði 3. gr. samningsins (Fjármál) verður svohljóðandi:

*Reykjavíkurborg greiðir KSÍ samtals kr. 57,0 m.kr. árlega frá árinu 2020 það sem eftir er af samningstímanum. Um er að ræða fast árlegt framlag sem tekur mið af vísitölu neysluverðs í desember 2020 (490,3 stig) og skal dreifing greiðslna þess innan hvers árs vera með 12 jöfnum greiðslum yfir árið. Þó mun uppgjörsgreiðsla framlags vegna ársins 2020 fara fram eftir samþykkt og undirritun þessa viðauka.*

*Ekki verður um að ræða frekari fjárframlög af hálfu Reykjavíkurborgar til KSÍ, en hið fasta árlega framlag, vegna rekstrar Laugardalsvallar á samningstímanum.*

*Greiðslur hins árlega framlags taka ekki lengur til heimaleikja Fram heldur einvörðungu til eftirfarandi þátta:*

*i. reksturs Laugardalsvallar og mannvirkja, sbr. 8. gr.,*

*ii. húsaleigu- og æfingastyrkja ÍTR vegna afnota frjálsíþróttafólks af Laugardalsvelli til æfinga og keppni og aðstöðu fyrir Skýlmingafélag Reykjavíkur vegna æfinga og mótahalds, í samræmi við reglur ÍBR og borgaryfirvalda um húsaleigu- og æfingastyrki íþróttafélaga í Reykjavík.*

iii. umhirðu grasvallar á Laugardalsvelli, sláttar, götunar, málunar og merkingar vallar.

Verði veruleg breyting á æfingum og mótahaldi samkvæmt þessari grein, frá því sem nú er við undirritun viðauka, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á viðauka þessum.

Ef fram koma óskir frá íþróttafélagi í Reykjavík um að spila heimleiki sína í efstu deild eða 1. deild á Laugardalsvelli og unnt verður að heimila slíka notkun. Verður gert sérstakt samkomulag um slíka leiki milli borgaryfirvalda, KSÍ og viðkomandi félags hverju sinni.

4. Ákvæði 4. gr. samningsins (Fjármál) verður svohljóðandi:

Reykjavíkurborg mun leggja fram 42,0 m.kr. vegna heimaleikja knattspyrnufélagsins Fram sem féllu niður árin 2014-2020, sbr. iii. lið 2. mgr. 3. gr. samningsins. Um er að ræða fullnaðaruppgjör milli KSÍ og Reykjavíkurborgar vegna þessa þáttar og lýsir hvor aðili um sig því yfir að eiga engar frekari kröfur á hendur hinum vegna hans. Umrædd greiðsla mun vera greidd í einu lagi eftir samþykkt og undirritun þessa viðauka.

5. Ákvæði 7. gr. samningsins (Fjármál) verður svohljóðandi:

KSÍ mun í bókhaldi KSÍ/Laugardalsvallar sýna sérstaklega þann tekjuauka sem tilkominn er vegna samningsins og þessa viðauka við hann og jafnframt öll útgjöld vegna reksturs og viðhalds mannvirkjanna og leikvangsins alls og einnig sér tilgreindan kostnað vegna nýframkvæmda, kaupa á búnaði og meiri háttar endurbóta.

KSÍ/Laugardalsvöllur birtir í ársreikningi sínum hverjar tekjur KSÍ/Laugardalsvallar eru af einstökum landsleikjum og viðburðum og útleigu á Laugardalsvelli.

KSÍ skal gera Reykjavíkurborg grein fyrir fjárhagslegum rekstri Laugardalsvallar þegar ársreikningur KSÍ/Laugardalsvallar liggur fyrir fyrir ársþing KSÍ ár hvert.

6. Ákvæði 8. gr. samningsins (Rekstur) verður svohljóðandi:

KSÍ greiðir allan rekstrarkostnað vegna Laugardalsvallar og tilheyrandi mannvirkja, svo sem kostnað við rafmagn og hita, viðhald allra mannvirkja og áhalda og tækja tengdum mannvirkjum svo og almennt viðhald frjálsíþróttahalda. KSÍ tekur að sér allan kostnað vegna starfsmannahalds, við yfirstjórn vallarins, knattspyrnuleiki, frjálsíþróttæfingar og mót.

Allur kostnaður vegna landsleikja, bikarleikja og Evrópuleikja, svo sem öryggisgæsla, þrif, gæsla o.fl., skal fjármagnaður, eins og kostur er, með leigutekjum Laugardalsvallar

KSÍ annast umhirðu grasvallar á Laugardalsvelli, svo sem slátt, götun merkingar og málun á velli.

KSÍ skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna vallarins og bera ábyrgð á því tjóni sem gestir geta orðið fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi eða umsjón vallarins og annarra mannvirkja.

*KSÍ skuldbindur sig til að halda við þeim mannvirkjum, sem samningurinn og þessi viðauki við hann ná til, og annast allt almennt viðhald og lagfæringar sem nauðsynlegar verða á samningstímanum.*

*KSÍ skal frá upphafi samningstímans taka að sér allt tilfallandi viðhald mannvirkja eftir því sem þörf krefur og sjá um að mannvirkjum öllum verði viðhaldið þannig að byggingarhlutar úrelldist ekki umfram það sem eðlilegt er. Til slíks eðlilegs viðhalds telst meðal annars endurmálun úti og inni, viðgerðir hreinlætistækja og búnaðar, þ.m.t. innanstokks og á hita- og loftræstikerfi. Meiri háttar endurnýjun grasvallar, frjálsíþróttabrauta og annað meiri háttar viðhald og endurnýjun mannvirkja svo og áhalda og tækja vegna frjálsíþróttar skal þó vera á vegum Reykjavíkurborgar.*

*Fulltrúar KSÍ, ÍTR og eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar skulu halda árlega fund um öll viðhaldsmál fasteigna og annarra mannvirkja á Laugardalsvelli. Einnig skal fundað með Frjálsíþróttasambandi Íslands um viðhaldsmál tengd frjálsíþróttavelli. Fulltrúar skulu síðan gera tillögur um allt viðhald og skal allt minni háttar viðhald framkvæmt af KSÍ en allt meiri háttar viðhald samkvæmt nánara samkomulagi KSÍ og eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar og í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hverju sinni. Skulu þessar tillögur aðila lagðar til samþykktar fyrir KSÍ og borgaryfirvöld.*

7. Ákvæði 11. gr. (Rekstur) verður svohljóðandi:

*Vallarstjórn mun annast samskipti við Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (ÍSí), ÍBR, íþróttasambönd og íþróttafélög auk annarra sem óska eftir afnotum af Laugardalsvelli. Unnið skal eftir þeim reglum og samþykktum sem gilda hverju sinni um mót, leiki og æfingar.*

8. Ákvæði 13. gr. (Tekjur) verður svohljóðandi:

*KSÍ annast útleigu Laugardalsvallar til annarra aðila en getið er um í samningi þessum og ber kostnað og fær tekjur vegna þessarar útleigu.*

*Laugardalsvöllur ber ábyrgð á að afla tekna á móti rekstrarkostnaði Laugardalsvallar umfram framlag Reykjavíkurborgar með vallahleigu og ákveður rekstrarfélagið gjaldskrá vegna landsleikja, bikarleikja og Evrópuleikja.*

*KSÍ annast alla veitingasölu á Laugardalsvelli á samningstímanum.*

*Húsaleigutekjur, auglýsingatekjur, veitingasölutekjur og aðrar tekjur af Laugardalsvelli renna til KSÍ.*

*Laugardalsvöllur skal innheimta vallahleigu vegna landsleikja, bikarleikja og Evrópuleikja samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem skal endurskoðuð árlega af KSÍ/Laugardalsvelli*

*KSÍ skuldbindur sig til að standa straum af öllum kostnaði vegna leikja sem vallahleiga er ekki innheimt fyrir og telst sá kostnaður hluti þess almenna kostnaðar sem KSÍ ber ábyrgð á, sbr. 8. gr. samningsins.*

9. Ákvæði 15. gr. (Samskipti) verður svohljóðandi:

*Verði breytingar á aðstöðu Frjálsíþróttasambands Íslands fyrir frjálsíþróttæfingar og frjálsíþróttamót á samningstímanum, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á samningnum.*

10. Að öðru leyti en hér greinir að framan eru ákvæði samningsins, dags. 13. ágúst 2014, í fullu gildi.
11. Rísi mál út af viðauka þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
12. Viðauki þessi tók gildi 1. janúar 2021 og gildir út árið 2025.

Reykjavík, [ ]. febrúar 2021

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

F.h. Knattspyrnusambands Íslands,

\_\_\_\_\_

Vottar:

\_\_\_\_\_

Nafn og kennitala

\_\_\_\_\_

Nafn og kennitala



Reykjavík, 7. janúar 2021

R15020197

3580

ívs

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### **Laugardalsvöllur - fjárframlag**

Á fundi borgarráðs þann 7. janúar 2020 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 5. janúar 2021, samþykkt, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi erindi sviðsstjóra íþróttá- og tómstundasviðs, vegna reksturs Laugardalsvallar, dags. 14. desember 2020. Viðaukasamningur sem gert er ráð fyrir verði lagður fyrir borgarráð til samþykktar. Í þeim samningi verði ákvæði um aukið gagnsæi í fjármálum og opið bókhald.

Það tilkynnist hér með.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Lagðar eru fram í borgarráði tillögur um fjárframlög og samstarfssamninga við félagasamtök að beiðni íþróttá- og tómstundasviðs til samþykktar. Það er allt gott og vel en ekki er hægt annað en að leiða hugann að gegnsæi, samræmingarþáttum, skilvirkum reglum, jafnræði, jafnrétti og mannréttindum þegar teknar eru ákvarðanir um styrki og samstarfssamninga. Það eru til reglur um alla þessa hluti og er því velt upp hvort þær reglur taki á ábyrgðarhlutverki aðila er varðar skil styrkþega á greinargerðum um hvernig styrkfé hefur verið varið líkt og kveðið er á um í reglum. Fulltrúi Flokks fólksins hefur spurt um þetta áður. Eftirlitshlutverk þarf að vera skýrt t.d. gagnvart fjármálaskrifstofu hvað varðar skil á greinargerðum. Hvernig er fjárhagslegu innra eftirliti háttáð með samstarfs- og þjónustusamningum? Eru til skriflegir verkferlar um eftirlitsaðgerðir og skilgreindar aðgerðir við brotum á samningum? Styrkir hafa vaxið og má spyrja hvort samræmi sé milli sviða. Er skýrt t.d. hvað á að teljast til styrkja en ekki fjárhagsaðstoðar? Enda þótt reglum sé fylgt þá útfæra sviðin þær hvert á sinn hátt og þá má velta fyrir sér hvort útfærsla sé mjög mismunandi. Fulltrúi Flokks fólksins mun samhliða þessari bókun leggja fram ofangreindar fyrirspurnir formlega.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Afrit:

Íþróttá- og tómstundasvið



Reykjavíkurborg  
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 5. janúar 2021  
R15020197  
3580

Borgarráð

***Laugardalsvöllur - fjárframlag***

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi erindi sviðsstjóra íþrótta- og tómsfundasviðs, vegna reksturs Laugardalsvallar, dags. 14. desember sl. Viðaukasamningur sem gert er ráð fyrir verði lagður fyrir borgarráð til samþykktar. Í þeim samningi verði ákvæði um aukið gagnsæi í fjármálum og opið bókhald.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra íþrótta- og tómsfundasviðs vegna Laugardalsvallar, dags. 14.12.2020.



Borgarráð

Efni:

**Laugardalsvöllur**

Vísað er til bréfs Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) til borgarstjóra, dags. 26. júní 2019, þar sem óskað var eftir endurskoðun á samningi milli Reykjavíkurborgar og KSÍ frá 13. ágúst 2014, um rekstur Laugardalsvallar. Samningurinn gildir til 31. desember 2025. Erindinu var vísað til sviðsstjóra ÍTR.

Vísað er í 3. gr. samningsins um endurskoðun vegna breytinga á æfingum og mótahaldi m.a. vegna þess að greiðslur Reykjavíkurborgar vegna heimaleikja Fram hafa fallið alveg niður frá árinu 2019 og að nokkru leyti árin áður og því væntanlega um fyrirsjáanlega framtíð.

Á fundi borgarráðs 30. apríl 2020 var samþykkt að fela sviðsstjóra ÍTR, borgarlögmanni, skrifstofustjóra eignaskrifstofu ásamt fjármálastjóra ÍTR að eiga viðræður við KSÍ.

Niðurstaða vinnunnar er sú að mælt er með því að árlegt framlag Reykjavíkurborgar til reksturs Laugardalsvallar verði 57,0 m.kr. frá og með 2020. Um er að ræða fast árlegt framlag sem tekur mið af vísitölu neysluverðs eins og gert er ráð fyrir í núgildandi 3. gr. samningsins. Þá verði greitt til KSÍ 42,0 m.kr. vegna 3. gr. III liðar samningsins vegna heimaleikja Fram. Greiðsla þessi verði innt af hendi árið 2020.

Miðað við þessa fjárhæð verður að hækka fjárframlag til ÍTR vegna greiðslu til KSÍ um 7,7 m.kr. á ári árin 2020 til 2025.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að endurskoða samning milli Reykjavíkurborgar og KSÍ, til samræmis við ofangreint.





Reykjavíkurborg  
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2020  
R20020157  
D-101

Borgarráð

***Beiðni KSÍ um þátttöku Reykjavíkurborgar í kostnaði vegna umspilsleiks og endurskoðun  
samnings um rekstur Laugardalsvallar***

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir KSÍ) hefur með bréfi dags. 12. febrúar sl. óskað eftir fjárframlagi frá Reykjavíkurborg vegna fyrirbyggjandi aðgerða sem leggjast þurfi í á Laugardalsvelli, vegna leiks Íslands við Rúmeníu sem fara átti fram þann 26. mars sl. Þar kom m.a. fram að áætlaður kostnaður geti numið allt að 70 m.kr. Þá hafði KSÍ með bréfi dags. 26. júní 2019 óskað eftir því formlega að samningur sem gerður var milli Reykjavíkurborgar og KSÍ árið 2014 um rekstur Laugardalsvallar yrði endurskoðaður, í samræmi við 3. gr. þess samnings.

Í ljósi aðstæðna treystir Reykjavíkurborg sér ekki til þess að að verða við fyrrgreindri beiðni um fjárframlag vegna þeirra aðgerða sem ráðast þurfi í vegna leiks við Rúmeníu, sem ekki var haldinn, en ekki er vitað nákvæmlega hvenær leikurinn verður haldinn og í hvaða mynd. Þá er Reykjavíkurborg að greiða árlega til KSÍ háar fjárhæðir í samræmi við ofangreindan samning um rekstur Laugardalsvallar.

Varðandi beiðni um endurskoðun á samningi um rekstur Laugardalsvallar, þá mun Ómari Einarssyni sviðsstjóra ÍTR, Ebbu Schram borgarlögmanni og Óla Jóni Hertervig skrifstofustjóra Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar verða falið að eiga viðræður við KSÍ vegna málsins. Þá mun Andrés Bögebjerg Andreassen, fjármálastjóri ÍTR vinna með þeim hópi.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf KSÍ - kostnaður vegna umspilsleiks við Rúmeníu, dags. 12.02.2020.

Bréf KSÍ - endurskoðun samnings um rekstur Laugardalsvallar, dags. 26.06.2019.

Samningur milli Reykjavíkurborgar og KSÍ um rekstur Laugardalsvallar, dags. 13.08.2014.



12. febrúar 2020

Hr. Borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson

Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Kostnaður vegna umspilsleiks við Rúmeníu 26.mars.

Sæll Dagur.

Fyrir liggur að Ísland leikur við Rúmeníu á Laugardalsvelli þann 26. mars næstkomandi í umspili um að komast í úrslitakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu 2020. Til þess að af því geti orðið þarf að ráðast í veigamiklar fyrirbyggjandi aðgerðir til þess að gera völlinn sem best leikhæfan á þessum erfiða tíma árs til fótboltaíðkunar. Eru þessar aðgerðir m.a. lagning dúks og steinullar ásamt uppblásnu hitatjaldi þegar nær dregur leiks. Nú hefur verið gerð kostnaðaráætlun hvað þetta varðar og getur kostnaðurinn numið allt að 70 m. kr. sbr. meðfylgjandi kostnaðaráætlun.

Það er ljóst að Laugardalsvöllur í núverandi mynd, án hitalagna undir grasi og opinn til tveggja átta, hentar engan veginn breytingum á leikjafyrirkomulagi A-landsliðs karla, bæði í riðlakeppni stórmóta og umspilsleikjum. Fyrir liggur að við megum ekki leika heimaleiki okkar í mars og nóvember í riðlakeppni stórmóta.

Knattspyrnusamband Íslands fer fram á að Reykjavíkurborg, sem aðaleigandi vallarins og samstarfsaðili KSÍ um rekstur Laugardalsvallar, komi til móts við knattspyrnusambandið og styrki áður nefndar aðgerðir með fjárframlagi. Með þessu sýnir Reykjavíkurborg stuðning sinn við íslenska landsliðið og fótboltann almennt og hjálpar til við að það náist að leika þennan mikilvæga leik á Laugardalsvöllinum í mars komandi.

Virðingarfyllt,

**Guðni Bergsson**

Formaður KSÍ






Reykjavíkurborg  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. júní 2019.

Kæri Dagur,

Knattspyrnusamband Íslands óskar formlega eftir því að samningur sá sem gerður var milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnusambands Íslands um rekstur Laugardalsvallar, undirritaður þann 13. ágúst 2014, verði tekinn til endurskoðunar í samræmi við 3. grein samnings, en vegna færslu heimaleikja Fram af Laugardalsvelli í Safamýri hefur Reykjavíkurborg lækkað framlag sitt til reksturs vallarins. Er það afstaða KSÍ á túlkun ákvæðisins að sú lækkun eigi ekki rétt á sér nema með endurskoðun samningsins sbr. 3. gr. hans.

Virðingarfyllt,  
f.h. KSÍ,



Klara Bjartmarz  
framkvæmdastjóri.



ICELANDAIR

